

**Ed.**

**402. Breytingartillaga**

**[104. mál]**

við brtt. á þskj. 373 (Tekjuskattur og eignarskattur).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Till. orðist þannig:

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsg. 11. gr. laganna komi þrjár nýjar málsgreinar:

Þó er giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, ef tekjurnar nema meira en svarar til 1500 kr. grunnlauna, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er eigandi að eða hluthafi í.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá niður heimild til sérsköttunar konunnar.

Ef gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal draga frá hreinum tekjum hennar persónufrádrátt einstaklinga, enda fellur þá niður tilsvarendi frádráttarupphæð við ákvörðun um skatt eiginmanns hennar.